

	I	EES-STOFNANIR	
	1.	Sameiginlega EES-nefndin	
	II	EFTA-STOFNANIR	
	1.	Fastanefnd EFTA-rikkjanna	
	2.	Eftirlitsstofnun EFTA	
	3.	EFTA-dómstóllinn	
2014/EES/25/01		Beiðni Héraðsdóms Reykjavíkur dagsett 17. desember 2013 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli Sævars Jóns Gunnarssonar gegn Landsbankanum hf. (Mál E-27/13)	1
2014/EES/25/02		Beiðni Héraðsdóms Reykjavíkur dagsett 17. desember 2013 um ráðgefandi álit EFTA-dómstólsins í máli LBI hf. gegn Merrill Lynch Int. Ltd. (Mál E-28/13)	2
2014/EES/25/03		Dómur dómstólsins frá 27. janúar 2014 í máli E-1/13 Míla ehf. gegn Eftirlitsstofnun EFTA	2
	III	ESB-STOFNANIR	
	1.	Framkvæmdastjórnin	
2014/EES/25/04		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7093 – DLG/Lantmännen/HaGe Polska) – Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð	3
2014/EES/25/05		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7120 – Ecom Agroindustrial Corporation/Armajaro Trading)	4
2014/EES/25/06		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7189 – ALSO/Alpha International)	5
2014/EES/25/07		Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja (mál COMP/M.7232 – Charterhouse/Nuova Castelli)	6
2014/EES/25/08		Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um flugrekstur í Bandalaginu – Auglýsing um útboð á áætunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir	7
2014/EES/25/09		Sértæk auglýsing eftir tillögum – EACEA/15/2014 – Erasmus-samningur um æðri menntun 2014–2020	7

EFTA-STOFNANIR

EFTA-DÓMSTÓLLINN

Beiðni Héraðsdóms Reykjavíkur dagsett 17. desember 2013 um ráðgefandi álit
EFTA-dómstólsins í máli Sævars Jóns Gunnarssonar gegn Landsbankanum hf.

2014/EES/25/01

(Mál E-27/13)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf Héraðsdóms Reykjavíkur frá 17. desember 2013, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 17. desember 2013, með beiðni um ráðgefandi álit í máli Sævars Jóns Gunnarssonar gegn Landsbankanum hf. að því er varðar eftirtalin atriði:

1. Samrýmist það ákvæðum tilskipunar nr. 87/102/EBE um neytendalán, eins og tilskipuninni var breytt með tilskipun nr. 90/88/EBE og tilskipun nr. 98/7/EB, að við gerð lánsþess, sem bundinn er vísitölu neysluverðs samkvæmt heimild í settum lögum og tekur því breytingum í samræmi við verðbólgu, sé við útreikning á heildarlántökukostnaði og árlegri hlutfallstölu kostnaðar, sem birtur er lántaka við samningsgerðina, miðað við 0% verðbólgu en ekki þekkt verðbólugustig á lántökudegi?
2. Samrýmist það ákvæðum tilskipunar ráðsins 93/13/EBE frá 5. apríl 1993 um óréttmæta skilmála í neytendasamningum ef löggjöf í ríki sem aðild á að EES-samningnum heimilar að samningur um neytendalán hafi að geyma ákvæði þess efnis að greiðslur af láninu skuli verðtryggðar samkvæmt fyrirfram ákveðinni vísitölu?
3. Ef svarið við annarri spurningunni er á þann veg að verðtrygging greiðslna af neytendaláni sé samrýmanleg ákvæðum tilskipunar 93/13/EBE þá er í þriðja lagi spurt hvort tilskipunin takmarki svigrúm viðkomandi samningsríkis til þess að ákveða með lögum eða stjórnvaldsfyrirmælum hvaða þættir skuli valda breytingum á hinni fyrirfram ákveðnu vísitölu og eftir hvaða aðferðum þær breytingar skuli mældar?
4. Ef svarið við þriðju spurningunni er að tilskipun 93/13/EBE takmarki ekki það svigrúm samningsríkis sem nefnt er í þeirri spurningu þá er í fjórða lagi spurt hvort samningsskilmáli teljist hafa verið sérstaklega umsamin í skilningi 1. mgr. 3. gr. tilskipunarinnar þegar a) tekið er fram í skuldabréfi sem neytandi undirritar í tilefni lántöku að skuldbinding hans sé verðtryggð og tilgreint er í skuldabréfinu við hvaða grunnvísitölu verðbreytingar skuli miðast, b) skuldabréfinu fylgir yfirlit sem sýnir áætlaðar og sundurliðaðar greiðslur á gjalddögum lánsins og tekið er fram í yfirlitinu að áætlunin geti tekið breytingum í samræmi við verðtryggingarákvæði lánsþess, og c) neytandi og veitandi undirrita báðir greiðsluyfirlitið samtímis og samhliða því að neytandi undirritar skuldabréfið?
5. Telst aðferðin við útreikning verðbreytinga í lánsþess hafa verið útskýrð rækilega fyrir neytanda í skilningi d-liðar 2. gr. viðauka við tilskipun 93/13/EBE þegar atvik eru með þeim hætti sem nánar greinir í fjórðu spurningunni?
6. Á ríki sem er aðili að EES-samningnum val milli þess við innleiðingu 1. mgr. 6. gr. tilskipunar 93/13/EBE, annars vegar að mæla svo fyrir í landsrétti að heimilt sé að lýsa óskuldbindandi fyrir neytanda óréttmæta skilmála í skilningi 1. mgr. 6. gr. tilskipunarinnar, eða hins vegar að mæla svo fyrir í landsrétti að slíkir skilmálar skuli ávallt vera óskuldbindandi fyrir neytandann?

**Beiðni Héraðsdóms Reykjavíkur dagsett 17. desember 2013 um ráðgefandi álit
EFTA-dómstólsins í máli LBI hf. gegn Merrill Lynch Int. Ltd.**

2014/EES/25/02

(Mál E-28/13)

EFTA-dómstólnum hefur borist bréf Héraðsdóms Reykjavíkur frá 17. desember 2013, sem skráð var í málaskrá dómstólsins 17. desember 2013, með beiðni um ráðgefandi álit í máli LBI hf. gegn Merrill Lynch Int. Ltd. að því er varðar eftirtalin atriði:

1. Ber að skýra 1. mgr. 30. gr. tilskipunar nr. 2001/24/EB um endurskipulagningu og slit lánastofnana á þá leið að með reglum um ógildi, ógildanleika eða skort á réttarvernd sé vísað til reglna um riftun ráðstöfunar fjármálafyrirtækis samkvæmt reglum sambærilegum þeim sem gilda um riftun ráðstafa þrotamanns samkvæmt gjaldþrotalögum?
2. Ef fyrstu spurningunni er svarað játandi, ber að skýra 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar þannig að þeim, sem riftunarkröfu er beint að, sé nægilegt að leggja fram sannanir um að riftun ráðstöfunar, samkvæmt lögum þess aðildarríkis sem gilda um ráðstöfun, væri óheimil með vísan til hvers kyns reglna, t.d. reglna um málshöfðunarfresti?
3. Ef annarri spurningu er svarað neitandi, ber að skýra 1. mgr. 30. gr. tilskipunarinnar þannig að þeim, sem riftunarkröfu er beint að, sé nauðsynlegt að leggja fram sannanir um að skilyrðum fyrir riftun, samkvæmt lögum þess aðildarríkis sem gilda um ráðstöfun, sé bersýnilega ekki fullnægt, svo sem vegna þess að heimild til riftunar skorti alfarið um þá tegund ráðstöfunar sem um er að ræða?

DÓMUR DÓMSTÓLSINS

2014/EES/25/03

frá 27. janúar 2014

í máli E-1/13

Míla ehf. gegn Eftirlitsstofnun EFTA

(Málssókn til ógildingar – Ríkisaðstoð – Leigusamningur – Vanefnd á að hefja formlega rannsókn – Mál tækt til efnismeðferðar – Lagalegir hagsmunir – Aðild – Vafi eða veruleg vandkvæði – Viðmið um markaðsfjárfesti – Útboð)

Hinn 27. janúar 2014 felldi dómstóllinn dóm í máli E-1/13, Míla ehf. gegn Eftirlitsstofnun EFTA – Málssókn til ógildingar á ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 410/12/COL frá 21. nóvember 2012 um meinta ríkisaðstoð með niðurgreiðslu á leiguverði fyrir ljósleiðara sem áður var rekinn af hálfu Atlantshafsbandalagsins („NATO“). Dóminn skipuðu dómarnir Carl Baudenbacher, forseti, Per Christiansen (framsögumaður) og Páll Hreinsson. Dómsorðin eru svofelld:

Dómstóllinn fellir eftirgreindan dóm:

1. Ákvörðun Eftirlitsstofnunar EFTA 410/12/COL frá 21. nóvember 2012 um meinta ríkisaðstoð með niðurgreiðslu á leiguverði fyrir ljósleiðara sem áður var rekinn af hálfu Atlantshafsbandalagsins („NATO“) er dæmd ógild.
2. Eftirlitsstofnun EFTA greiði málskostnað.

ESB-STOFNANIR

FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

Tilkynning um fyrirhugaða samfýlkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.7093 – DLG/Lantmännen/HaGe Polska)

2014/EES/25/04

Mál sem kann að verða tekið fyrir samkvæmt einfaldaðri málsmeðferð

1. Framkvæmdastjórninni barst 14. apríl 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfýlkingu þar sem sænska fyrirtækið Lantmännen ekonomisk förening („Lantmännen“) og danska fyrirtækið Dansk Landbrugs Grovvarereselskab a.m.b.a. („DLG“), fyrir milligöngu dótturfélags, öðlast með hlutafjárkaupum í sameiningu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í pólska fyrirtækinu HaGe Polska sp. z o.o. („HaGe Polska“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Lantmännen: samvinnufélag sænskra bænda sem stundar starfsemi á sviði landbúnaðar, vélbúnaðar, orku og matvæla
 - DLG: samvinnufélag danskra bænda sem starfar á sviði landbúnaðar og býður vörur og þjónustu fyrir bændur í Danmörku og öðrum Evrópulöndum
 - HaGe Polska: stundar heildsölu á landbúnaðarhrávörum, m.a. korni, fræjum og áburði
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfýlkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun. Hafa ber í huga að þetta mál kann að verða tekið fyrir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í tilkynningu framkvæmdastjórnarinnar um einfaldaða málsmeðferð við meðhöndlun tiltekinnar samfýlkinga samkvæmt reglugerð ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽²⁾.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfýlkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 125, 26. apríl 2014). Þær má senda með símbrefi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7093 – DLG/Lantmännen/HaGe Polska, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

⁽²⁾ Stjtið. ESB C 366, 14.12.2013, bls. 5.

Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.7120 – Ecom Agroindustrial Corporation/Armajaro Trading)

2014/EES/25/05

1. Framkvæmdastjórninni barst 11. apríl 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem svissneska fyrirtækið Ecom Agroindustrial Corporation Ltd („Ecom“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í breska fyrirtækinu Armajaro Trading Ltd („Armajaro“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Ecom: viðskipti með hrávörur og vinnsla um heim allan, einkum á kaffi, baðmull og kakó, auk starfsemi á sviði olíufræja
 - Armajaro: viðskipti á heimsvísu með hrávörur úr landbúnaði, svo og rekstur á sviði upprunamerkingar og útflutnings í löndum sem framleiða kakó, kaffi og sykur
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 119, 23. apríl 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7120 – Ecom Agroindustrial Corporation/Armajaro Trading, á eftirfarandi póstfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.7189 – ALSO/Alpha International)**

2014/EES/25/06

1. Framkvæmdastjórninni barst 10. apríl 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem svissneska fyrirtækið ALSO Holding AG, sem tilheyrir Droege-samsteypunni, óðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í hollenska fyrirtækinu Alpha International B.V.
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - ALSO Holding AG: heildsala á vörum, lausnum og þjónustu á sviði upplýsingatækni, fjarskipta og almennra raftækja í Evrópu
 - Alpha International B.V: dreifing á upprunalegum rekstrarvörum fyrir tölvur og upplýsingatækni, með áherslu á rekstrarvörur fyrir prentara (prentduft, blek) til smásala
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 119, 23. apríl 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7189 – ALSO/Alpha International, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning um fyrirhugaða samfylkingu fyrirtækja
(mál COMP/M.7232 – Charterhouse/Nuova Castelli)**

2014/EES/25/07

1. Framkvæmdastjórninni barst 16. apríl 2014 tilkynning samkvæmt 4. gr. reglugerðar ráðsins (EB) nr. 139/2004 ⁽¹⁾ um fyrirhugaða samfylkingu þar sem breska fyrirtækið Charterhouse Capital Limited Group („Charterhouse“) öðlast með hlutafjárkaupum að fullu yfirráð, í skilningi staflíðar b) í 1. mgr. 3. gr. samrunareglugerðarinnar, í ítalska fyrirtækinu Nuova Castelli S.p.A. („Nuova Castelli“) og fyrirtækjum sem það ræður yfir, m.a. ungverska fyrirtækinu Magyar Sajt Korlátolt Felelősségű Társaság („Magyar Sajt“).
2. Starfsemi hlutaðeigandi fyrirtækja er sem hér segir:
 - Charterhouse: veitir þjónustu á sviði hlutafjár og sjóðaumsýslu
 - Nuova Castelli: framleiðir, vinnur og markaðssetur ítalskan ost og mjólkurafurðir
3. Frumathugun framkvæmdastjórnarinnar hefur leitt í ljós að samfylkingin, sem tilkynnt hefur verið, geti fallið undir gildissvið samrunareglugerðarinnar. Fyrirvari er þó um endanlega ákvörðun.
4. Hagsmunaaðilar eru hvattir til að senda framkvæmdastjórninni athugasemdir sem þeir kunna að hafa fram að færa um hina fyrirhuguðu samfylkingu.

Athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni innan tíu daga frá því að tilkynning þessi birtist í Stjtið. ESB (C 125, 26. apríl 2014). Þær má senda með símbréfi (faxnr. +32 (0)22 96 43 01), með rafpósti á netfangið COMP-MERGER-REGISTRY@ec.europa.eu eða í pósti, með tilvísuninni COMP/M.7232 – Charterhouse/Nuova Castelli, á eftirfarandi pósthfang:

European Commission
Directorate-General for Competition
Merger Registry
J-70
B-1049 Brussels

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 24, 29.1.2004, bls. 1 („samrunareglugerðin“).

**Tilkynning framkvæmdastjórnarinnar samkvæmt 5. mgr. 17. gr. reglugerðar
Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 um sameiginlegar reglur um
flugrekstur í Bandalaginu**

2014/EES/25/08

Auglýsing um útboð á áætlunarflugi í samræmi við almannajónustukvaðir

Aðildarríki	Frakkland
Flugleið	Le Puy-en-Velay (Loudes) – París (Orly)
Samningstími	Frá 14. janúar 2015 til 13. janúar 2019
Umsóknarfrestur og frestur til að skila tilboðum	Hinn 16. júlí 2014, fyrir kl. 12 að staðartíma í París (Frakklandi)
Póstfang sem senda má til beiðni um texta útboðsauglýsingarinnar og hvers kyns viðkomandi upplýsingar og/eða skjöl sem varða útboðið og almannajónustukvaðirnar	Syndicat mixte de gestion de l'aérodrome départemental Le Puy-en-Velay – Loudes F-43320 LOUDES À l'attention de M. Pascal Rey Sími: +33 4 71 08 61 87 Bréfasími: +33 4 71 08 66 40 Netfang: direction@aerolepuy.fr

Sértæk auglýsing eftir tillögum – EACEA/15/2014

2014/EES/25/09

Erasmus-samningur um æðri menntun 2014–2020

1. Inngangur

Auglýst er eftir tillögum á grundvelli reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1288/2013 frá 11. desember 2013 um að setja á fót „Erasmus+“: Áætlun Sambandsins um menntun, þjálfun, ungmenni og íþróttir og niðurfellingu á ákvörðunum nr. 1719/2006/EB, nr. 1720/2006/EB og nr. 1298/2008/EB (Stjtið. ESB L 347, 20.12.2013, bls. 50.).

2. Markmið og lýsing

Erasmus-samningurinn um æðri menntun hefur að geyma almennan gæðaramma fyrir evrópskt og alþjóðlegt samstarf sem æðri menntastofnun kann að taka þátt í innan áætlunarinnar. Gerð Erasmus-samnings um æðri menntun er forsenda þess að æðri menntastofnanir í einhverju landanna, sem talin eru upp hér að neðan, geti sótt um og tekið þátt í námsferðum fyrir einstaklinga og/eða samstarfi á sviði nýsköpunar og góðra starfsvenja samkvæmt áætluninni. Æðri menntastofnanir í öðrum löndum þurfa ekki að hafa gert Erasmus-samning um æðri menntun og gæðarammanum verður komið á fót með stofnanasamningnum milli æðri menntastofnana. Samningurinn er veittur fyrir allan gildistíma áætlunarinnar. Framkvæmd samningsins verður háð eftirliti og brot á meginreglum hans og skuldbindingum geta orðið til þess að framkvæmdastjórn Evrópusambandsins afturkalli hann.

3. Hlutgengir umsækjendur

Æðri menntastofnanir í einhverju eftirtalinna landa geta sótt um að gera Erasmus-samning um æðri menntun:

- Aðildarríkjum Evrópusambandsins,
- EFTA-ríkjunum, sem eiga aðild að EES (Íslandi, Liechtenstein og Noregi), fyrrum júgóslavneska lýðveldinu Makedóníu og Tyrklandi ⁽¹⁾.

Landsyfírvöld munu tilnefna æðri menntastofnanir, úr hópi umsækjenda, á yferráðasvæði sínu sem taldar eru hæfar til að taka þátt í námsferðum einstaklinga og/eða samstarfi á sviði nýsköpunar og góðra starfsvenja samkvæmt áætluninni.

⁽¹⁾ Erasmus-samningi fyrir æðri menntun er unnt að veita æðri menntastofnun í einhverju þessara landa, að því tilskildi að landið hafi undirritað samning við Evrópusambandið um þátttöku í áætluninni áður en ákvörðun er tekin um veitingu styrkja vegna auglýsingar þessarar.

4. Umsóknarfrestur og áformaður birtingardagur á niðurstöðu valsins

Rétt útfyllt umsóknareyðublað verður leggjá inn með rafrænum hætti fyrir kl. **12 á hádegi að Brussel-tíma hinn 22. maí 2014**.

Áformaður birtingardagur á niðurstöðu valsins er 31. október 2014.

5. Nánari upplýsingar

Upplýsingar um áætlunina er að finna á eftirfarandi vefslóð: http://eacea.ec.europa.eu/erasmus-plus_en

Umsóknir ber að leggjá fram í samræmi við leiðbeiningar sem framkvæmdastofnun áætlunarinnar (EACEA) gefur út og unnt er að nálgast á eftirfarandi slóð:

http://eacea.ec.europa.eu/erasmus-plus/funding/erasmus-charter-for-higher-education-2014-2020_en